

Borgarfjarðarhreppur
Hreppsstofa
720 Borgarfjörður (eystri)

Reykjavík 19. júní 2017

UST201705-031/K.S.J.

10.04.02

Efni: Borgarfjarðarhreppur. Tillaga að breytingu aðalskipulags í landi Geitlands

Vísað er til erindis Borgarfjarðarhrepps er barst 4. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps í landi Geitlands, Borgarfirði Eystrí.

Í greinargerð kemur fram að ofangreind breytingartillaga felur í sér að landbúnaðarsvæði í landi Geitlands II, er breytt í verslunar- og þjónustusvæði, íbúðasvæði og iðnaðarsvæði. Áætlaðar framkvæmdir eru vegna byggingar vatnsátöppunarverksmiðju, vatnstöku og borana fyrir vatni. Áætluð vatnsupptaka verður í landi jarðarinnar Bakka.

Framkvæmdin fellur undir gr. 10.25 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin er í flokki B og er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað svæði fyrir vatnsátöppunarverksmiðju og vatnsvernd er áætlað 11 ha í landi Geitlands. Fram kemur að áætluð iðnaðarlóð er 2,8 ha. Einnig kemur fram að skipulagssvæðið er gróið land, landhalli nokkur og að hluta til framræst tún. Á svæðinu eru hvorki náttúrumínjar á Náttúrumínjaskrá, né vistgerðir eða jarðminjar er njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Landsskipulagsstefna

Umhverfisstofnun tekur undir tilvitnun í landsskipulagsstefnu í greinargerð, en stofnunin bendir einnig á að í landsskipulagsstefnu kemur skýrt fram stefna um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Í landsskipulagsstefnu kemur fram að skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf ný vatnsátöppunarverksmiðja að falla að annari byggð á svæðinu og umhverfi sínu. Áætluð bygging er fremur stór 900 m², miðað við aðrar byggingar á nærsvæði sínu og þyrfti að fjalla um sjónræn áhrif hennar í umhverfisskýrslu en það er ekki gert.

Grunnvatn

Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu segir í 6. gr. að nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi Orkustofnunar. Einnig segir í lögnum að Orkustofnun annist eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðefna og jarðhitasvæðum, svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi skv. 4. eða 6. gr hefur verið veitt.

Iðnaðarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllun um væntanlega byggingu átöppunarverksmiðju er hún ýmist sögð einnar hæðar (í texta) eða tveggja hæða (í töflu). Umhverfisstofnun telur afar mikilvægt að öll áætluð byggð á svæðunum þ.e. iðnaðarsvæði, íbúðasvæði og svæði fyrir verslun- og þjónustu verði löguð að byggðinni sem fyrir er og umhverfinu.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun í umhverfisskýrslu, en stofnunin telur að einnig þurfi að fjalla um sjónræn áhrif af byggingu verksmiðjunnar.

Umhverfisstofnun bendir á að vatnshlot er ítrekað kallað vatnsholt í umhverfisskýrslu s.s. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnsholta, skal vera reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota og ber að leiðréttu það.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Agnar B Bragason
Teymisstjóri